

Forsætisnefnd

Reykjavík, 21. september 2023

SFS23090112

### **Efni: Tillaga um breytingu á samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð**

Með bréfi þessu er farið fram á og lagt til að gerð verði breyting á viðauka við samþykkt við stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Lagt er til að gerð verði breyting á c lið 2. gr. viðauka 2.6 um embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, ákvæðið er svohljóðandi:

Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er heimilt að afgreiða eftirtalin mál:

Veita leyfi til dagforeldra og hafa jafnframt lögbundið eftirlit með þeirri starfsemi, þ.m.t. að svipta þá leyfi tímabundið, eins og kveðið er á um í reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005, sbr. einnig 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum.

Lagt er til að ákvæðið verði svohljóðandi:

Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er heimilt að afgreiða eftirtalin mál:

Hafa lögbundna umsjón og innra eftirlit með daggæslu barna í heimahúsum og starfsemi dagforeldra, þar með talið að ákveða fyrirkomulag vegna ráðgjafar og umsjónar með daggæslu í heimahúsum til samræmis við reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005, með síðari breytingum. Vinna úr tilkynningum frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og taka afstöðu til þess hvort leggja beri málið í farveg samkvæmt reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum. Jafnframt að veita Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála upplýsingar sem stofnunin óskar eftir og skylt er að veita stofnuninni á grundvelli laga þar á meðal umsögn um umsókn um leyfi til daggæslu barna í heimahúsum til samræmis við ákvæði reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum, sbr. einnig 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum og lög um gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021.

### **Rökstuðningur:**

Gerð hefur verið breyting á 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Breytingin leiðir til þess að frá 1. janúar 2022 veitir Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála rekstrarleyfi til daggæslu barna í heimahúsum og reksturs gæsluvalla fyrir börn. Fram að þeim tíma höfðu félagsmálanefndir þetta hlutverk og var sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs falið verkefnið með samkvæmt c lið 2. gr. viðauka 2.6 um embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

Ákvæði 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er svohljóðandi:

Félagsmálanefnd eða önnur nefnd samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar hefur umsjón með daggæslu barna í heimahúsum og rekstri gæsluvalla fyrir börn. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála veitir rekstrarleyfi til daggæslu barna í heimahúsum og reksturs gæsluvalla fyrir börn. Um gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála gilda lög nr. 88/2021.



Með reglugerð nr. 409/2023, sem birt var þann 28. apríl sl. hafa nú jafnframt verði gerðar breytingar á reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum.

Af þessum sökum er nú tilefni til að gera breytingar á umræddum viðauka um embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

Með vísan til framangreindra laga- og reglugerðarbreytinga er lagt til að gerð verði breyting á viðauka 2.6 um embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og honum verði að öllu leyti falin þau verkefni sem félagsmálanefnd eru falin í reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs